

**Fjármálaráðuneyti
b/t Böðvars Jónssonar
aðstoðarmanns fjármálaráðherra
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 13. mars 2007

Efni: Umsögn Viðskiptaráðs varðandi frumvarp til laga um breyting á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt (þskj. 1068 – 685 mál á 133. löggjafarþingi)

Viðskiptaráð tekur undir þær almennu forsendur sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, þar sem tekið er fram að rétt sé að sporna við flutningi á eignum og starfsemi úr landi. Á frumvarpinu sjálfu eru hins vegar nokkrir veigamiklir gallar sem brýnt er að lagfæra, eigi tilgangur frumvarpsins ekki að snúast upp í andhverfu sína.

Í fyrsta lagi er ljóst að verið er að breikka skattstofna og auka skatttekjur ríkissjóðs verulega af starfsemi fjármálafyrirtækja verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd. Í raun er verið að lögfesta umdeilda veltubókarskattlagningu og skilgreina hana skattalega sem allt eignarhald á hlutabréfum sem ekki hefur náð a.m.k. 12 mánaða eignarhaldstíma (samkvæmt núgildandi framkvæmd er þetta tímabil óljóst en virðist geta afmarkast frá nokkrum mínútum og upp í nokkrar vikur). Skilgreining frumvarpsins er í besta falli óljós sökum tveggja annmarka. Annars vegar er talað um a.m.k. 12 mánuði, sem gefur þá til kynna að skattfyrvöld geti gert kröfu um lengra eignarhald. Hins vegar er óljóst hvaða sönnunarkröfur felast í skilgreiningu frumvarpsins á veltuhlutabréfum, þ.e. hvenær munu skattfyrvöld geta sýnt fram á að félag hafi keypt bréf til að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði. Greinargerð frumvarpsins tekur ekki á þessum álitamálum. Nái frumvarpið fram að ganga eru því líkur til að ætla að um þessi mál skapist ákveðin skattframkvæmd sem hægt er að deila um hvort eigi sér raunverulega lagastoð svipað og gildir um núverandi heimild til skattlagningar veltuhlutabréfa. En slíkt fyrirkomulag ber að forðast.

Því ber að fagna að fjármálafyrirtæki hafa aukið reglulega skattskyldan hagnað sinn hér á landi, en um leið er afar brýnt að einstaka liðir þeirrar skattlagningar séu á samkeppnishæfum grundvelli. Fjármálafyrirtæki hafa þegar íhugað alvarlega að flytja veltubókarstarfsemi sína úr landi vegna núgildandi framkvæmdar, t.d. til Noregs þar sem söluhagnaður er undanþeginn tekjuskatti félaga óháð eignarhaldstíma og tilgangi fjárfestinga. En þess ber að geta að veltubókarfjárfestingar eru hverjum verðbréfamarkaði nauðsynlegar til að auka flot og verðmyndun. Það er nokkuð ljóst að ef þessi regla frumvarpsins verður að lögum og veltubókarskattlagning miðuð a.m.k. við 12 mánuða eignarhald þá mun skattbyrðin aukast umtalsvert og mannfrek hátekjustörf flytjast úr landi. Þá munu ekki eingöngu tapast hinir ætluðu skattar af starfseminni, heldur einnig launaskattar og tryggingargjöld af hátekjufólki, svo og virðisaukaskattur þjónustufyrirtækja fjármálastofnana. Raunveruleg afleiðing er þá umtalsvert tap fyrir ríkissjóð og minnkandi umsvif fjármálafyrirtækja hér á landi með tilheyrandi afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Hafa ber í huga að núgildandi frestunarheimild skattskylds söluhagnaðar (með endurfjárfestingu í öðrum hlutabréfum) hefur eingöngu verið til óhagræðis en ekki leitt til

raunverulegrar skattheimtu af hálfu ríkissjóðs (eins og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu), enda hafi aðilar átt kost á að fresta skattlagningu með endurfjárfestingu, m.a. erlendis þar sem söluhagnaður er undanþeginn.

Þá hefur þótt óljós lagaheimild fyrir veltubókarskattlagningunni og spurning hvort framkvæmdin standist ákvæði Stjórnarskrár um að engan skatt skuli á leggja án skýrra lagaheimilda. Þá hafa verið óljós mörk á milli annars vegar skattskylds söluhagnaðar, sem heimilt er að fresta með endurfjárfestingu í hlutabréfum, og hins vegar skattskylds söluhagnaðar veltubókar þar sem slík frestunarheimild hefur ekki verið talin vera fyrir hendi. Í frumvarpinu er ekki eingöngu verið að festa þessa reglu í sessi með lagfæringu á lögum, heldur verið að auka gildi hennar og vægi verulega, eins og gerð er grein fyrir hér að ofan.

Varað er alvarlega við því að fara þessa leið enda afar brýnt að íslensk stjórnvöld líti til þeirra landa sem bjóða upp á hagstæðasta umhverfið í þessum efnum. Hvað þetta varðar má nefna nokkur EES lönd sem undanþiggja veltubókartekjur skattskyldu s.s. Möltu, Kýpur, Noreg og að hluta til Holland. Þá er almennur söluhagnaður almennt undanþeginn tekjuskatti í EES löndum. Að lokum má taka það fram að söluhagnaður hlutabréfa er í eðli sínu efnislega nátengur arði af hlutfé; eiginlega hin hliðin á sama peningnum. Því er eðlilegt að sömu skattalegu reglur gildi um meðferð þessara tekna. Það er meginregla í nánast öllum EES löndum og reglum Evrópusambandsins að söluhagnaður og arður fá sömu skattalegu meðferð, t.d. með beinum undanþágureglum ("participation exemption"). Því er lagt til að það sama gildi hér á landi og því verði söluhagnaður að fullu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum og skiptir þá ekki máli hver tilgangur með eignarhaldi er eða í hve langan tíma eignarhaldið hefur átt sér stað. Noregur er bein fyrirmynd um notkun þessarar aðferðar. En þess má geta að skilyrði um eignarhald var upphaflega í frumvarpi fjáráráðherra Noregs en fallið var frá slíku skilyrði m.a. vegna þeirra sjónarmiða sem reifuð hafa verið hér. Um frekari rök fyrir þessari athugasemd vísast til skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi (október 2006), bls. 26-27.

Í öðru lagi er söluhagnaður annarra félaga en hlutafélaga og samvinnufélaga gerður að fullu skattskyldur, en þessi félög hafa hingað til haft fulla frestunarheimild og því ekki sætt raunskattlagningu á þessum tekjum sínum. Verði frumvarp þetta að lögum þá getur það haft víðtækar afleiðingar og svipt grundvelli undan starfsemi ýmissa félaga hér á landi, s.s. skattskyldra sameignarfélaga. Ekki er þó rétt að veita slíkum félögum fullan frádrátt því úttækt úr sameignarfélögum er ekki skattskyld hjá eigendum. Því er enn lagt til að söluhagnaður sameignarfélaga, og sambærilegra félaga, verði skattlagður með sama hætti og arður, þ.e. í 10% skatthlutfalli. Jafnframt er nauðsynlegt að þessi félög fá lengri frest til að aðlaga sig að breyttum reglum og því lagt til að gildistími breytinga gagnvart þeim verði lengdur til 31. desember 2007.

Í þriðja lagi er lagt til að vafa verði eytt um skattalega meðferð afleiðuviðskipta með hlutabréf og þau skilgreind sem söluhagnaður.

Í fjórða lagi er óljóst hvað verður um þá tekjuskattsskuldbindingu sem hefur stofnast til vegna frestaðs söluhagnaðar fyrir gildistöku frumvarpsins. Er lagt til að í frumvarpinu verði kveðið skýrt á um að sú tekjuskattsskuldbinding falli niður við gildistöku frumvarpsins.

Tekur Viðskiptaráð því undir athugasemdir aðildarfyrirtækja sinna og er það skoðun ráðsins að ef ekki verður gerð breyting á frumvarpinu, eins og það er sett fram, þá er betur heima setið en af stað farið.

Tillögur Viðskiptaráðs eru því eftirfarandi:

- i. Að 1. gr. frumvarpsins verði felld brott.**
- ii. Að skilyrði 3. gr. frumvarpsins verði felld brott.**
- iii. Að söluhagnaður annarra félaga en hlutafélaga og samvinnufélaga verði skattlagður með sama hætti og arður, þ.e. í 10% skatthlutfalli .**
- iv. Að skattaleg meðferð afleiðuviðskipta þar sem hlutabréf eru undirliggjandi verðmæti verði sú sama og við sölu hlutabréfa.**
- v. Að frumvarpið kveði skýrt á um að tekjuskattsskuldbinding vegna þess söluhagnaðar sem frestað hefur verið hingað til verði felld brott.**

F.h. Viðskiptaráðs

Halla Tómasdóttir
Framkvæmdastjóri